



HRUNAMANNAHREPPUR

54. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

18. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 3. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 22. ágúst 2024

- **Ásamt greinargerð um Uppskeruhátíð sem haldin var 7. september.**

Lögð fram fundargerð 10. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar ásamt greinargerð um Uppskeruhátíð.

Fundargerðin og greinargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar fyrir afar vel heppnaðan viðburð.

2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 28. ágúst 2024.

- **Ásamt greinargerð frá formanni um Bjartan lífstíl.**

Lögð fram fundargerð 15. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar ásamt greinargerð frá formanni um Bjartan Lífstíl.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið nefndarinnar varðandi frístundaúrræði barna á miðstigi yfir veturinn og felur sveitarstjóra í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvar að finna leiðir til að verða við þessum beiðnum. Sveitarstjóra er einnig falið í samvinnu við skólustjóra að kanna möguleikann á því að frístund yngstu barna geti hafist fyrr að hausti en nú er. Fundargerðin og greinargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar frá 23. september 2024.

Lögð fram fundargerð 12. fundar Skólanefndar.

Í ljósi bókunar skólanefndar varðandi húsnæðismál Leikskólans Undralands samþykkir sveitarstjórn samhljóða að skipa spretthóp sem vinna á tillögu að viðbyggingu og endurbótum á húsnæði Leikskólans Undralands með það fyrir augum að mætt verði þeirri þörf fyrir leikskólapláss sem viðbúið er að myndist í sveitarfélaginu á næstu árum. Hópurinn skili af sér fyrstu hugmyndum fyrir byrjun nóvember. Hópurinn verði skipaður leikskólustjóra, formanni skólanefndar, fulltrúa starfsmanna leikskólans, oddvita, sveitarstjóra og yfirmanni eignasjóðs.

Sveitarstjórn bendir á að yngstu árgangar íbúa eru nokkuð fjölmennir en sem dæmi má nefna að um 30 börn eru skráð í sveitarfélaginu sem fædd eru árið 2022, 2023 og sem af er ársins 2024. Hér er einnig búið að úthluta lóðum fyrir 60-70 íbúðir og því er nokkuð ljóst að íbúum mun fjölga á næstunni. Sveitarstjórn er mjög meðvituð um að afar brýnt er að tryggj sé að íbúum bjóðist jafn sjálfsögð þjónusta og leikskólapláss, við góð skilyrði. Í því sambandi má heldur ekki gleyma að starfsmenn leikskólans verða að búa við góð skilyrði svo við getum laðað

DGS
[Signature]
Bj
Arj
HA

hingað enn fleiri hæfa og góða starfsmenn og því er nauðsynlegt að bæta starfsmannaaðstöðu leikskólans um leið og fleiri leikskólaplássum verður bætt við. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 9. fundar frá 23. september 2024.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.
Eftirtalin mál eru afgreidd sérstaklega:

Liður 7. Staða hönnunar húsnæðis fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útboð verði auglýst um leið og gögnin eru tilbúin sem gæti orðið í október. Stefnt er þá að opnun tilboða í nóvember. Með þessu móti ættu framkvæmdir við innréttingu húsnæðisins að geta hafist í lok árs en samkvæmt samningi skal þeim vera lokið í ágúst 2025.

Liður 8. Svínárnes – Bygging skála.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lokið verði við hönnun hússins á þeim forsendum sem kynntar voru á fundinum. Stefnt skal að því að verðkannanir vegna framkvæmdanna fari fram hið fyrsta með það að markmiði að framkvæmdir geti hafist um leið og snjóla leysir næsta vor.

Liður 9. Röðulstangi – Staða hönnunar, næstu skref.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðist verði í útboð jarðvegsframkvæmda og lagna við Röðulstanga hið fyrsta og að framkvæmdum verði lokið sumarið 2025.

Liður 10. Vatnsveita Blákvísl – Umræða um stöðu og framhald verkefnisins, lagnaleið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 verði fyrsti áfangi nýrrar vatnslagnar frá Blákvísl að Flúðum settur á dagskrá. Stefnt verður að sérstökum fundi með landeigendum á lagnaleiðinni um málið fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2025.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

5. **Fundargerð 288. fundar skipulagsnefndar frá 25. september 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. september sl.**

Lögð fram fundargerð 288. fundar skipulagsnefndar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. september.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 18. Miðfell 3 land: Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lands.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu, dags. 10.09.2024, er varðar landeignina Miðfell 3 land L193781. Óskað er eftir staðfestingu á hnitsettri afmörkun landsins sem hefur ekki legið fyrir áður. Landið er skráð 30 ha í fasteignaskrá en mælist 26,6 ha (266.294 fm) skv. fyrirbyggjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlagða merkjalýsingu og að hún verði samþykkt á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða merkjalýsingu á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024.

Mál nr. 19. Reykjaflöt lóð: Íbúðarhús bruni.

Lögð er fram beiðni er tekur til umsagnar sveitarfélagsins vegna enduruppbyggingar á Reykjaflöt lóð eftir bruna.

DCS
JR
BV
AG
AD

Engin deiliskipulagsáætlun er í gildi fyrir lóðina. Samkvæmt aðalskipulagi Hrunamannahrepps er lóðin staðsett innan landbúnaðarlands. Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags Hrunamannahrepps er heimilt að byggja stök íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum sem tengjast ekki búrekstri. Hins vegar er það svo að önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum skal vera þar sem er föst ábúð á jörðum. Þær heimildir gilda því ekki um stakar íbúðarhúslóðir á landbúnaðarlandi. Atvinnuuppbygging á lóðinni myndi teljast til annarrar notkunar en núverandi notkun hennar sem íbúðarhúsalóð og eru því slíkar breytingar eftir atvikum háðar breytingum á aðalskipulagi Hrunamannahrepps þar sem óskað væri eftir því að breytt landnotkun væri skilgreind í takt við fyrirhugaða notkun s.s. verslun- og þjónusta. Aðrar útfærslur á uppbyggingu íbúðarhúss til dæmis m.t.t. fjölda íbúðar væri í öllum tilfellum háðar heimildum sveitarfélagsins til dæmis með gerð deiliskipulags fyrir lóðina sem tæki til framkvæmdaheimilda innan hennar í takt við stefnumörkun aðalskipulags. Að öðru leyti mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð krafa um endurbyggingu hússins en vísar til ofangreinds ef fram koma hugmyndir um annars konar uppbyggingu eins og fram kemur í erindi húseiganda.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki kröfu um endurbyggingu hússins en vísar til afgreiðslu skipulagsnefndar ef fram koma hugmyndir um annars konar uppbyggingu eins og fram kemur í erindi húseiganda.

Mál nr. 20. Hrafnkelsstaðir 3: Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem nær yfir hluta af landi Hrafnkelsstaða 3 L166764. Vinna við gerð merkjalýsingar þar sem viðkomandi skika verður skipt úr landi Hrafnkelsstaða 3 stendur yfir samhliða vinnslu framlagðs deiliskipulags. Skipulagsmörkin ná yfir hluta af því svæði sem fær nýtt landnúmer og staðföng auk Hrafnkelsstaðar 3 lóð L190288. Engin mannvirki eru til staðar innan skipulagsmarka en gert er ráð fyrir byggingarreit á einni nýrri íbúðarlóð. Áfram er gert ráð fyrir að landið sé flokkað sem landbúnaðarland.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 23. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. september sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. september sl.

6. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshrepps: Fundargerð stjórnar frá 24.9.sl.**
Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps.

Varðandi umræðu um húsnæðismál þjónustunnar vill sveitarstjórn koma á framfæri að á Flúðum er húsnæði í boði fyrir starfsemi Skóla- og velferðarþjónustunnar frá og með haustinu 2025 eða fyrr ef þörf er á. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. **SASS: Fundargerð 613. fundar stjórnar frá 13. september sl.**
Lögð fram fundargerð 613. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DGS

CP

BV

Agj

HT

8. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 327. fundar stjórnar frá 17. september sl.**
Lögð fram fundargerð 327. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
9. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 238. fundar frá 24. september sl.**
- **Ásamt erindi og gögnum.**
Lögð fram fundargerð 238. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
10. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 17. stjórnarfundar frá 20. september sl.**
Lögð fram fundargerð 17. stjórnarfundar Arnardrangs hses.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
11. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 9. september sl.**
Lögð fram fundargerð 21. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
12. **Framkvæmdaráð Almannavarna Árnassýslu: Fundargerð 7. fundar frá 10. september sl.**
Lögð fram fundargerð 7. fundar framkvæmdaráðs Almannavarna Árnassýslu.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
13. **Byggðasafn Árneseinga: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 19. september sl.**
Lögð fram fundargerð 13. fundar stjórnar Byggðasafns Árneseinga.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

14. **Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um mál nr. 222.- námsgögn.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um mál nr. 222.- námsgögn.

Lagt fram til kynningar.

15. **Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0631/2024 í Skipulagsgátt.**

Lögð fram umsagnarbeiðni um mál nr. 0631/2024 í Skipulagsgátt þar sem Bláskógabyggð hefur óskað eftir umsögn varðandi Fell L177478; Landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2404070, nr. 0631/2024: Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi).

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við uppbyggingu á þessum reit en telur þó rétt að við gerð aðalskipulags verði hugað vandlega að ýmsum þáttum tengdum umferð á svæðinu.

Gatnamót Bræðratunguvegar og Biskupstungnabrautar eru ein af þremur aðkomuleiðum inn í Hrunamannahrepp og eru þessi gatnamót afar fjölfarin. Ekki þarf síðan að minna á þá miklu umferð sem daglega fer um Biskupstungnabraut. Með þeirri aðalskipulagsbreytingu sem hér er kynnt virðist vera þrengt all verulega að þessum umferðarmannvirkjum öllum. Ekki er hér gert ráð fyrir að Biskupstungnabraut verði tvöfölduð eða að þessi gatnamót verði með einhverju móti endurbætt enda þyrfti í báðum þeim tilfellum að taka frá svæði fyrir slíkar endurbætur á aðalskipulagi eigi þær einhvern tíma að geta orðið að veruleika.

AG
DAS
AB
DV
ARJ

Sveitarstjórn telur rétt að færa skipulagsflákana alla fjær vegunum og gatnamótunum svo möguleikar til endurbóta verði ekki skertir og nauðsynlegt helgunarsvæði veganna sýnt á aðalskipulagsuppdrætti. Mikilvægt er að öryggi vegfarenda bæði akandi, gangandi, ríðandi og hjólandi verði vel tryggt á svæðinu og þá sérstaklega umferð gangandi vegfarenda yfir Biskupstungnabraut sem mun verða nokkur með íbúðabyggð norðan við veginn og atvinnustarfsemi sunnan við. Því er líka mikilvægt að huga að sjónsviði vegfarenda á gatnamótunum þegar fyrirhugaðar 3-4 hæða byggingar munu rísa við veginna sem þarna eru en slíkar byggingar gætu minnkað öruggi á gatnamótunum verulega.

16. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun frá 25. september 2024.

Lagt fram bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem upplýst er um stöðu á innleiðingu stafræns byggingarleyfis sem áætluð er á næsta ári. Bent er á mikilvægi þess að sveitarfélög geri ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun næsta árs.

Erindið lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá félaginu 60+ í Laugardal frá 26. september 2024.

Lagt fram bréf frá félaginu 60+ í Laugardal þar sem skorað er á sveitarstjórnir, ráðherra og alþingismenn, að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni, Lindarbraut 4, verði gert að dvalarheimili fyrir aldraða vegna vöntunar á slíkri stofnun í Uppsveitum Árnessýslu.

Erindið lagt fram til kynningar.

18. Boð á aðalfund Bergrisans bs.

Lagt fram bréf frá stjórn Bergrisans bs. þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem haldinn verður á Teams, mánudaginn 14. október kl.13.

Lagt fram til kynningar.

Fjárhagsleg málefni:

19. Tekjuforsendur ársins 2025, umræða.

Lögð fram fyrstu drög að tekjuforsendum ársins 2025.

Sveitarstjórn mun fjalla um fjárhagsáætlun ársins 2025 á næstu fundum og á óformlegum aukafundum sem haldnir verða til loka nóvember.

20. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026-2028.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026-2028.

Lagt fram til kynningar.

21. Viðauki við samning um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla.

Lagður fram viðauki við samning um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

22. Minnisblað varðandi jólahlaðborð/árshátíð starfsmanna frá 30. september 2024.

Lagt fram minnisblað varðandi jólahlaðborð/árshátíð starfsmanna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldið verði jólahlaðborð/árshátíð fyrir starfsmenn og maka föstudaginn 22. nóvember. Um skipulag hátíðarinnar sjái oddvitar listanna í sveitarstjórn.

AD
DAS
BJ
BV
Aej

23. Minnisblað um leigu á kjallara Hrunamannavegar 3.

Lagt fram minnisblað um leigu á ~320m² rými í kjallara Hrunamannavegar 3 til Héraðsskjalasafns Árnesinga sem hefur hug á að nýta húsnæðið sem fjargeymslu fyrir skjöl.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjóra verði falið að vinna nauðsynleg gögn sem lögð yrðu fyrir á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga þar sem málið verður væntanlega til endanlegrar afgreiðslu

24. Dagskrá sveitarstjórnar.

Lögð fram dagskrá sveitarstjórnar til jóla 2024.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

25. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 76. fundar stjórnar frá 24. september 2024.

Lagt fram til kynningar.

26. Upplýsingar frá Veiðifélagi Stóru-Laxár.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15.



Þóruney Vignisdóttir

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Daði Geir Samúelsson



Alli Ragnvaldsson